

Áætlun um öryggi og heilbrigði á Skjólgarði

Öryggisnefnd er starfandi á Skjólgarði og fundar nefndin fjórum sinnum á ári og fer í vettvangsferðir tvisvar á ári. Starfsfólk er hvatt til að koma með ábendingar til öryggisfulltrúa.

Áhættumat starfa var framkvæmt í febrúar 2024, stuðst var við gátlista um hjúkrunarheimili frá Vinnueftirlitinu og aðrar upplýsingar á heimasíðu Vinnueftirlitsins. Rætt var við starfsfólk og farið yfir gátlistann í góðu samtali. Ýmsar ábendingar komu við það sem verður tekið til skoðunar. Vinnuaðstæður á Skjólgarði litast að miklu leiti af framkvæmdum sem standa nú yfir við byggingu nýs hjúkrunarheimilis. Vinnuaðstæður eru þröngar og það þrengir að starfseminni og margt mun breytast þegar nýbyggingin verður tilbúin. Það er mikilvægt að öryggisnefndin sé þátttakandi í þeim breytingu sem eiga sér nú stað á byggingunni. Öryggisfulltrúar munu sjá um að endurskoða áætlunina um leið og aðstæður breytast og einnig ef frekari breytingar verða á vinnuaðstæðum, miklar tækni framfarir koma fram og ef vinnuslys eða alvarleg óhöpp verða.

Í öryggisnefnd Skjólgarðs eru tveir öryggisverðir, Matthildur Ásmundardóttir og Kristján Guðnason og tveir öryggisráðgjafarmenn, Sigurbjörg Hákonardóttir og Robertas Freidgemas.

Fræðsla starfsfólks er markviss og er haldið námskeið einu sinni á ári fyrir nýtt starfsfólk. Á námskeiðinu er farið yfir hvað er hluti af þeirra starfi, kenningu í vinnuvernd og líkamsbeitingu. Einnig er farið yfir öll hjálpartæki, önnur tæki og tól sem eru til staðar á heimilinu. Farið er yfir áhættuþætti og hvaða leiðir eru farnar til að forðast slys. Þegar nýr starfsmaður byrjar á heimilinu er honum úthlutaður kennari sem er honum til halds og trausts fyrstu fjórar vaktirnar og eftir þörfum í framhaldinu. Kennarinn sér um að notuð séu rétt hjálpartæki þegar við á og að starfsfólk beitir sér rétt. Passað er upp á að erlent starfsfólk fái jafn góða fræðslu og þjálfun og íslenskt starfsfólk. Starfsfólk við umönnun þarf að hafa lágmarks þekkingu í íslensku, í því felst að geta tjáð sig og skilið íslensku.

Starfsfólk fær verkefni við hæfi og er passað upp á fjölbreytni við störf þess. Passað er vel upp á álag sérstaklega hjá þunguðum konum. Sveigjanlegur vinnutími er þegar við á og hvíldartími virtur. Við skipulag vakta hafa starfsmenn tækifæri til að óska sér vakta eftir þörfum hvers og eins og lagt er upp með að reyna að uppfylla þær óskir 90% miðað við þarfir heimilsins. Þannig hefur starfsfólk kosta á að samræma fjölskyldulíf eins og hægt er.

Vinnuslys eru skráð og tilkynnt til Vinnueftirlitsins. Þau eru einnig skráð í kerfin hjá heimilunum svo hægt sé að fylgjast með ef einhver ákveðin slys gerast oft og þá hvað hægt er að gera til að forðast þau.

Hjúkrunarheimili Vigdísarholt leggja áherslu á það að fyrirtækin sem við vinnum með sýni ábyrgð og tryggir að þau séu með sitt vinnuverndarstarf á hreinu.

Húsnæðis Skjólgarðs er komið til ára sinna og unnið er að viðbyggingu. Framkvæmdir setja starfseminna í uppnám og þrengir verulega að henni. Áætlað er að nýtt heimili verði tekið í notkun í lok árs 2024. Aðstaða fyrir starfsfólk er ekki í samræmi við kröfur þar sem framkvæmdir standa yfir í kjallara. Vaktherbergi er lítið en hægt að loka til að hafa næði. Búningsklefar verða ekki aðgengilegir en lítil búningsaðstaða og munaskápar eru til staðar inn á heimilinu. Það þrengir verulega að mötuneyti en unnið er að gerð bráðabirgðaeldhús sem mun bæta aðstöðu fyrir starfsfólk til muna.

Loftgæði á Skjólgarði eru að mestu góð og er loftræstikerfi reglulega yfirfarið og lagað ef þess þarf. Vegna eðli starfseminnar þá er mjög oft heitt inni vegna heimilismanna en auðvelt er fyrir starfsfólk að opna eða fara út ef þeim er of heitt.

Hljóðvist er góð, framkvæmdir hafa þó sannarlega áhrif á hljóðvist.

Lýsing á heimilunum er góð. Gerðar voru athugasemdir við lýsingu inn á lyfjaherbergi í úttekkt Vinnueftirlitisins, búið er að setja upp led ljós til að bæta hana. Starfsfólk kvartar yfir lélegri lýsingu í matsal, áætlað er að skipta yfir í sterkari perur til að bæta hana.

Reykingar eru með öllu óheimilar á Skjólgarði, nokkrir heimilismenn reykja og er reykingaraðstaða í aflokuðum garði hjúkrunarheimilisins. Starfsfólk á ekki að reykja á vinnutíma.

Varasöm efni eru geymd í lokuðum rýmum og eru öryggisblöð til fyrir varúðarmerkt efni. Leitast er við að nota sem mest náttúruleg efni sem eru ekki varúðarmerkt. Nauðsynlegar persónuhlífar eru til staðar. Gerð var athugasemd við geymslurými fyrir efnin, vegna framkvæmda við bráðabirgða eldhús hefur ekki verið hægt að setja upp læst geymslurými. Bætt verður úr því þegar rýmið verður tekið í notkun um miðjan apríl.

Passað er upp á allar smitvarnir og er nýju starfsfólki kynntir allir helstu þættir smitvarna og hvaða hlífðarbúnað á að nota við hvert verk. Starfsfólk á að fara eftir öllum reglum um smitvarnir.

Þegar starfsmenn hefja störf fá þeir kynningu á léttitækjum heimilisins og eru starfsmenn hvattir til að nota þau. Sjúkraþjálfari vinnur á Skjólgarði og eru hann alltaf tilbúinn að leiðbeina starfsmönnum með rétta líkamsbeitingu.

Starfsfólk fær hvatningu og stuðning í starfi og viðurkenningu fyrir vel unnin störf. Starfsmannaviðtöl eru haldin einu sinni á ári. Starfsfólk getur alltaf komið með hugmyndir að umbótum og getur haft samband við sinn næsta yfirmann til þess.

Stefna og viðbragðsáætlun vegna eineltis og áreitni er til á vinnustaðnum og fá nýir starfsmenn kynningu á henni. Stefnan er svo rifjuð upp reglulega á starfsmannafundum. Komi upp einelti eða áreitni skal starfsmaður leita til næsta yfirmanns eða hjúkrunarforstjóra. Stefnan er hýst á heimasíðu Vigdísarholt þar sem hún er aðgengileg öllum.

Á Skjólgarði er starfsmannafélag sem heldur reglulega samkomur til að hrista starfsfólkið saman. Jafnframt er gjafasjóður starfræktur á Skjólgarði og þannig sameinast um gjafir á stórafmælum og við sérstök tilefni starfsmanna. Einnig er facebook síða þar sem hægt er að koma með allskonar ábendingar en einnig fræðslu og skemmtipóst.

Aðgengi að Skjólgarði er ekki eins og best er á kosið vegna framkvæmda. Sama aðgengi er fyrir gesti, fyrir móttöku vara og aðgengi fyrir sjúkrabíla. Passað er upp á að salta, sanda og moka í kringum húsið svo fólk detti ekki. Lýsing er góð í kringum Skjólgarð.

Breiðir gangar eru á báðum heimilunum og auðvelt er að komast um, hjálpartæki eru geymd á göngunum og eru stundum fyrir. Það stengur til bóta með nýrri byggingu.

Allar útgönguleiðir eru merktar og passað er upp á að ekkert sé fyrir neyðarútgöngum.

Vélar á heimilunum eru allar CE merktar og eru þær skoðaðar reglulega. Aðstaða fyrir þvottavél og þurrkara er góð en alltaf má gera betur. Loftgæði í þvottahúsi eru ekki alltaf eins og best verður á kosið en í nýbyggingu er gert ráð fyrir sérstöku þvottahúsi í kjallara húsnæðisins.

Starfsmannarými heimilanna ábótavant, læstir skápar fyrir starfsfólk, sturta er til staðar í kjallara og nóg af snyrtingum miðað við fjölda starfsfólks, þó eru tvö þeirra staðsett í kjallara sem verður tekinn undir framkvæmdir innan fárra vikna. Starfsfólk er með aðstöðu í litlu vaktherbergi þar sem hægt er að setjast niður í næði en plássið þar er lítið. Flestir starfsmenn þiggja mat á heimilunum í sameiginlegri aðstöðu með heimilisfólki en matartími starfsmanna og heimilisfólks er ekki á sama tíma. Boðið er upp á hollan og góðan mat.

Ræstiherbergi er hluti af skoli á Skjólgarði og er stærð þess og aðgengi gott. Skolvaskur er í rýminu og auðvelt aðgengi að öllu því sem þarf að nota. Þvottavélar og þurrkari eru einnig í sama herbergi.

Neyðaráætlun er til staðar ef upp kemur eldsvoði. Áætlunin hefur ekki verið kynnt reglulega öllu starfsfólki en stefnt er að því að bæta úr því og halda æfingu fyrir lok maí næstkomandi. Fulltrúi í neyðartilvikum er yfirhjúkrunarfræðingur á vakt. Mappa um neyðaráætlun er á deildinni.

Neyðarútgangar eru merktir og auðvelt aðgengi að þeim.

Slökkvibúnaður og skyndihjálpartæki eru til staðar og fá starfsmenn leiðbeiningar um þau. Búnaður Skjólgarðs er yfirfarinn reglulega af Rafhorn á Hornafirði.

Endurmat á áætlun þessari mun fara fram í september 2024, ekki mun þó takast að lagfæra aðbúnað að fullu fyrr en ný bygging verður tekin í notkun.

F.h. Öryggisnefnar Skjólgarðs

Matthildur Ásmundardóttir, verkefnastjóri Vigdísarholts